

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags
haldinn mánudaginn 16. maí 2022 kl.18.00 á Hótel Selfossi

Fundur hófst kl. 18:00. Mættir voru:

Formaður félagsins, Halldóra S. Sveinsdóttir, bauð fundargesti velkomna. Hún sagði frá því að í ár væri haldið upp á 20 ára afmæli félagsins. Formaður gerði tillögu um Þór Hreinsson sem fundarstjóra sem var samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins og bauð gesti velkomna. Fundarstjóri gerði tillögu um Fjólu Pétursdóttur, lögfræðing sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Því næst var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021

Formaður Bárunnar, stéttarfélags kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021. Lykilupplýsingum og tölum úr kynningunni var varpað upp á skjá. Skýrsla stjórnar fylgir fundargerð þessari sem viðauki. Halldóra þakkaði að því loknu áheyrnina og hvatti fundarmenn til að eiga góðan aðalfund. Því næst gaf fundarstjóri orðið laust en engar umræður urðu um skýrsluna og var hún samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur Bárunnar, stéttarfélags fyrir 2021.

Ólafur Gestsson endurskoðandi, forstöðumaður PwC á Suðurlandi, kynnti helstu tölur úr ársreikningi 2021 ásamt áritun endurskoðun, skoðunarmanna og stjórnar Bárunnar, stéttarfélags. Ársreikningi var varpað upp á skjá til skýringar fyrir fundarmenn. Ársreikningurinn var samþykktur 9. maí sl. sem og árltun skoðunarmanna og stjórnar. Ársreikninginn er að finna á heimasíðu félagsins á slóðinni: <https://baran.is/um-okkur/arsreikningar/>

Rekstrategur eru 258 milljónir en voru 222 árið 2020. Afkoman eru 14.4 milljónir en var 11.3. árið 2020. Ávöxtun sjóða félagsins voru mjög góðar árið 2021 eða 33 milljónir en var tæplega 12,5 milljónir árið 2020. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 800 milljónir en voru tæplega 750 milljónir árið 2021. Fastafjármunir voru 181 milljón. Veltufjármunir eru 617,77 milljónir en þar af er verðbréfaeign upp á tæplega 407 milljónir. Bókfært eigið fé Bárunnar, hrein eign er 790 milljónir samanborið við tæplega 743 milljónir á árinu 2020. Hækkun á handbæru fé er um 18 milljónir á árinu.

Félagssjóður: Tekjur félagssjóðs eru 111,7 milljónir á árinu en 101 milljón árið 2020. Fastafjármunir 1,2 milljónir á árinu. Eign sjóðsins er samtals 431,7 milljónir á árinu samanborið við 375,4 á árinu 2020. Óráðstafað eigið fé eru 335 milljónir samanborið við 300,5 milljónir á árinu 2020. Laun lækka á milli ára úr 36,5 milljónum árið 2020 í 35,5 milljónir á árinu 2021.

Sjúkrasjóður: Mikil hækkun var á greiðslu sjúkradagpeninga á milli ára, úr 70 milljónum árið 2020 í 91 milljón árið 2021. Afkoma er neikvæð upp á 18 milljónir en var árið áður neikvæð upp á 13. Eignir sjúkrasjóðs eru samtals 169 milljónir og hafa aukist um 11 milljónir frá því í fyrra þegar þær voru 158 milljónir. Sjúkrasjóður er í mínus en félagssjóður fær 15 milljónir til umsýslu sem veldur.

Orlofssjóður: Tekjur Orlofssjóðs eru um 40 milljónir en voru 35 í fyrra. Afkoma sjóðsins er því neikvæð um rúmar 16,9 milljónir. Hrein eign 222 milljónir áður 193 milljónir árið 2020. Sumarhús og íbúðir orlofssjóðs bókfærð eign 134 milljónir.

Vinnudeilusjóður: Afkoma ársins eru 8.5 milljónir. Heildareignir eru rúmlega 126 milljónir.

Fundarstjóri bar því næst ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

3. Kosning stjórnar og í aðrar nefndir. Tillaga uppstillinganefndar fyrir aðalfund 2022

Kosinn er formaður, tveir meðstjórnendur, öll varastjórn og stjórn sjúkrasjóðs, úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs. Ferill kosninga til embætta er sá að Uppstillinganefnd félagsins hittist í mars og stillir upp framboðum á lista. Því næst er listinn auglýstur og auglýst eftir öðrum framboðum með tilskildum frestum skv. lögum félagsins. Framboðsfrestur rann út um síðustu mánaðarmót en engin mótframboð komu fram.

Stjórn og nefndir Bárunnar stéttarfélags fyrir aðalfund 2021

Formaður (annað hvert ár): Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Meðstjórnendur (annað hvert ár): Jón Þröstur Jóhannesson og Ragnhildur Eiríksdóttir

Varastjórn (kosið á hverju ári): 1. Hildur Guðjónsdóttir 2. Hjalti Tómasson 3. Sylwia Konieczna

Stjórn sjúkrasjóðs (annað hvert ár, kosið 2022) Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Ragnhildur Eiríksdóttir, Hugborg Guðmundsdóttir, Ingvar Garðarsson, Marta Katarzyna Kuc

Til vara: 1. Guðmundur Kjartansson 2. Áslaug Halla Elvarsdóttir 3. Örn Bragi Tryggvason

Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs: (fyrir hvern aðalfund): Halldóra S Sveinsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Sylwia Katarzyna Konieczna

Til vara: 1. Jóhanna Guðmundsdóttir, 2. Alexander Örn Ingason,

Kjörstjórn Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Dagný Davíðsdóttir, Bryndís Rósantsdóttir

Til vara: 1. Hjalti Tómasson, 2. Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Uppstillingarnefnd, Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Kristín Sigfúsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir

Til vara: 1. Hjalti Tómasson

Skoðunarmenn reikninga: Þorleifur Sívertsen, Dagný Davíðsdóttir

Til vara: 1. Hugborg Guðmundsdóttir

Sitjandi er Siðanefnd (annað hvert ár, 2023 næst) Oddur Ástráðsson formaður, Dagný Davíðsdóttir, Egill Valdimarsson

Til vara: Harpa Rannveig Helgadóttir, Siripan Raksa

4. Kynntar breytingar á Úthlutunarreglum Sjúkrasjóðs Bárunnar, séttarfélags

Fundarstjóri gaf Fjólu Pétursdóttir, lögfræðingi orðið. Fjóla kynnti breytingar stjórnar sjúkrasjóðs á úthlutunarreglum sjúkrasjóðs sem samþykktar voru á fundi stjórnar sjúkrasjóðs fyrir í mánuðinum en þær eru (breytingar skáletraðar):

2. grein um umsóknarfrestir og úthlutun styrkja. Breyta skal úthlutun styrkja úr mánaðarlegum úthlutunum í *hálfmánaðarlegar úthlutanir*.

2.2. Umsóknir um endurhæfinga- og forvarnarstyrki og fylgigögn þurfa að jafnaði að berast fyrir 15. eða 30. dag hvers mánaðar eða síðasta virka dag á undan nema annars sé sérstaklega getið á heimasíðu félagsins.

Grein 2.4. breytist eftirfarandi: Styrkir eru *greiddir út á tveggja vikna fresti*

Bætt við grein 3.2. *Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir þýðingu vottorða frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu.*

Gerð var athugasemd við þessa grein þar sem æskilegri framkvæmd væri að starfsmenn sjúkrasjóðs gætu óskað eftir þessum þýðingum vottorða. Verður þeirri grein breytt og breytingin borin upp á næsta fundi stjórnar sjúkrasjóðs.

Í grein 4 um dagpeninga er bætt skýringarkassa en honum verður einnig bætt við reglugerð sjúkrasjóðs í grein 12:

**Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 12.1., 12.2., og 12.3 í reglugerð sjúkrasjóðs
Bárunnar er sjálfstæður og aðskilinn.**

Grein 5 fær nýtt heiti :*Forvarnar- og endurhæfingarstyrkir og styrkir vegna slysa- og sjúkrakostnaðar.*

Grein 5.3. breytist eftirfarandi (sjá skáletrun)

a) Meðferð hjá eftirfarandi aðilum: löggiltum sjúkraþjálfara, sjúkranuddara eða kírópraktor. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 5.000.-kr í fyrsta skipti, hámark 2.000.-kr í hvert skipti eftir það. Hámark 36 skipti á hverjum 12 mánuðum (*óháð félagsgjaldi*). Yfirlit meðferða verður að fylgja.

f) liður Hámark styrkja hækkar úr kr. 40 þús kr. í 50 þús.kr.

g) Laser/Lasik aðgerð eða *augasteinaskipti*: Félagsmaður sem hefur greitt félagsgjöld síðastliðinn þrjú ár samfleytt verði greitt allt að kr. 120.000 vegna laseraðgerða eða *augasteinaskipta* miðað við *fullan rétt sbr. gr. 5.6.* . Þó að frádregnum öðrum styrkjum síðastliðna 12 mánuði.

j) Hámark styrkja hækkar úr kr. 40 þús kr. í 50 þús.kr.

k) Hámark styrkja hækkar úr kr. 15 þús kr. í 20 þús.kr.

l) Fæðingarstyrkur hækkar úr 60 þús kr. í 120 þús kr. Einnig bætist við setningin *Fæðingarstyrkur er óháður öðrum styrkjum.*

Grein 5.4. breytist sem hér segir: Hámark samanlagðra styrkja breytist úr kr. 85. þús í kr. 100 þús Samanlagðir styrkir samkvæmt grein 5.3. lið a) til o) er að hámarki 100.000,- kr. á hvern einstakling á 12 mánaða tímabili fyrir fullgreiðandi félagsmann og *hlutfallslega ef það á við sbr. gr. 5.6.* . Styrkir samkvæmt grein 5.3.liðum l) (*fæðingastyrkur*), p) (*dánarbætur*) og q)(*útfararkostnaður*) eru *óháðir öðrum styrkjum.*

Grein 5.6. breytist sem hér segir: *Til þess að eiga rétt á styrkjum skv. gr. 5.3. þarf félagsmaður að hafa greitt félagsgjöld til félagsins næstliðna 6 mánuði það gjald sem miðast við fullt starf samkvæmt lægsta taxta í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Greitt er hlutfallslega ef greiðsla til félagsins er lægri en sem nemur þeirri upphæð.*

Gerðar voru athugasemdir við ofangreint orðalag og verður það skýrt og breytingar bornar undir stjórn sjóðsins til samþykktar.

Í lok greinar 5.3. bætist: *Styrkir skv. a) (sjúkranuddari, sjúkraþjálfari, kírópraktor) og c) (krabbameinsskoðun) lið gr.5.3. skulu ekki tengdir iðgjaldi til félagsins.*

Í lok gr. 5.3. bætist skýringarkassi:

Réttur til greiðslna styrkja úr sjúkrasjóði stofnast eftir að félagsmaður hefur greitt til sjóðsins í 6 mánuði. Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsmanns til styrkja stofnast í sjóðnum. Ekki eru greiddir styrkir vegna reikninga sem verða til á þessu 6 mánaða ávinnslutímabili.

Að lokum var skjalið borið upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Formaður bað um orðið.

Orlofshús.

Fram kom að svigrúm er til að kaupa orlofshús fyrir félagið og til tals hefur komið að kaupa bústað þar sem taka mætti með sér gæludýr. Fólk er að brjóta reglurnar og taka með sér dýr í bústaðina og komið hafa upp alvarleg tilvik um ofnæmisköst hjá félagsmönnum. Fundarmenn hafa ekki heyrt að fleiri kosti

vanti í orlofshúsin hjá félaginu. Fundarmenn eru sammála um að prófa að gera einn bústað í Þverlág að bústað sem hafa má gæludýr með í og er sú tillaga samþykkt. Formaður leggur einnig til að skoða megi möguleika á lúxusbústað, sem væri stærri fyrir fleira fólk og betur búinn en almennu bústaðirnir. Fundarmenn einnig sammála um að rétt sé að skoða lúxusbústað og gefa stjórn félagsins umboð til að kanna það frekar.

Heimasíða

Ný heimasíða var sett í loftið á starfsárinu, og er ætlunin að halda henni lifandi. Nýja síðan býður upp á aukna þjónustu fyrir félagsmenn sem ekki tala íslensku en í boði er að þýða síðuna á öll tungumál sem eru í boði á Google translate í flípa sem er efst til hægri á heimasíðunni.

Þjónusta við félagsmenn

Félagið sendir fréttabréf með helstu upplýsingum um það sem er að gerast á vettvangi félagsins. Fréttabréfið er birt á heimasíðu félagsins og sent á netföng sem félagið hefur safnað. Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, hefur verið að gera átak í að safna upplýsingum og auka tengingu við félagsmanninn.

Trúnaðarmenn

Félagið er að fara í átak vegna trúnaðarmanna.

Fyrirspurn barst úr sal um hvort hlutfall karla og kvenna til sjúkradagpeninga væri jafnt eða hvort annað kynið væri að sækja meira um sjúkradagpeninga. Starfsmenn félagsins sögðu það ekki vera og að hlutfallið væri nokkuð jafnt.

Í lagi

Formaður sagði frá verkefninu í lagi sem unnið er í samvinnu við garðyrkjubændur en sú vinna hefur gengið afar vel. Gerð er starfsmannahandbók sem Bárán kemur að. Þar er farið yfir réttindi starfsmanna m.a. og kemur Bárán að þeim kafla. Næsti fundur er áætlaður á morgun 17. maí. Áætlað er að þetta verði samvinna með starfsmannahandbók þar sem Bárán getur farið yfir réttarstöðu starfsmanna og vottað að fyrirtækið sé með allt sitt í lagi og neytandinn getur þá skoðað mál þeirra fyrirtækja sem eru í samvinnu við stéttarfélagið og fengið staðfest að verið sé að skipta við fyrirtæki sem virðir rétt starfsmanna. Vinnunni er í raun lokið og eftir stendur að skrifa undir samstarfssamning og keyra verkefnið af stað.

Marta Kuc tilkynnti að nú geta félagsmenn sótt um styrki á rafrænu formi og senda öll gögn rafrænt. Því hefur pappírsvinna starfsmanna mikið minnkað frá því sem áður var. Að sjálfsögðu geta félagsmenn enn komið á skrifstofu félagsins og skilað umsóknum og gögnum skriflega.

Því næst var happdrætti þar sem vinningar sem í boði voru voru helgargistingar í orlofsíbúðum félagsins að eigin vali.

Formaður þakkaði fyrir fundinn og óskaði gestum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 19:45